

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 22. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 570. mál.

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna sendi inn mjög greinagóða umsögn um um síðasta frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða mál. 657. sem lagt var fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012. Í henni varar félagið við svo róttækum breytingum á lögnum, sérstaklega vegna þeirra óljósu efnahagslegu afleiðinga sem frumvarpið mundi hafa yrði það að lögum.

Nú er komið fram annað frumvarp sem gengur enn lengra í að skapa mikla óvissu um fyrirkomulag og framtíð fyrirtækja í okkar mikilvægustu atvinnugrein, sjávarútvegi. Félagið telur að þær breytingar sem eru í hinu nýja frumvarpi undirstriki þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við að semja það. Settar eru inn enn róttækari breytingar en í fyrra frumvarpi án þess að horft sé til framtíðar til að átta sig á afleiðingum þeirra, eins og fram kemur í umsög VM.

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna er sammála e. og f. lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og um að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar og tekur undir önnur markmið 1. gr. frumvarpsins.

VM harmar hins vegar þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við gerð frumvarpsins, þar sem ekkert samstarf eða samráð var haft við hagsmunaaðila í greininni. Þá hafa ekki verið skoðaðar til fulls þær efnahagslegu afleiðingar sem fyrirhugaðar breytingar hafa á afkomu atvinnugreinarinnar og þjóðarinnar allrar.

Félagið áréttar að ákvæði um kjarasamninga sjómanna verði sett inni sem skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt til leyfishafa eða við leigu á aflamarki úr potti 2.

VM vill koma að eftirfarandi ábendingum sem félagið hefur bent á í fyrri umsögnum um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Vald ráðherra í fyrirhuguðu frumvarpi er fyrirkomulag sem ekki gengur í nútíma atvinnurekstri. Öll ákvæði laga ættu að liggja ljós fyrir vegna uppbyggingu fyrirtækja og hagræðingu í atvinnugreininni. Félagið ítrekar fyrri ábendingar um að sjávarútvegur og vinnsla hafa verið að þróast í hátækni atvinnuveg. Löggjafavaldinu ber hinsvegar að tryggja opnar og skýrar leikreglur fyrir handhafa nýtingarleyfa og tryggja að hluti hagnaðar af auðlindinni skili sér til samfélagsins.

Félagið harmar að stjórnvöld neiti að horfast í augu við breytta atvinnuhætti í sjávarútvegi og reyni ekki að finna aðrar raunhæfar lausnir fyrir þau landssvæði sem hafa orðið illa úti við þær breytingar. Samt sem áður telur VM ásættanlegt að hluti aflaheimilda séu notaðar í aðstoð við afskekktar byggðir en telur allt of langt gengið í þeirri útfærslu sem lagt er til í frumvarpinu. Byggðarkvótar og ívilnanir hafa ekki skilað tilætluðum árangri á undanförunum áratugum. Því verður að hugsa nýjar leiðir til að leysa vandamál þessara svæða.

VM telur frumvarpið vera aðför að öryggi vélstjóra á fiskiskipum, þar sem breytingarnar munu fækka nútímalegum og öruggum fiskiskipum. Yfir í lítil og illa búin fiskiskip með lélegum aðbúnaði fyrir áhöfnina, auk óhófslegs vinnuálags. Komið hefur fram í skýrslum Rannsóknarnefndar sjóslysa að ekki er óalgengt að sjómenn á minni skipum vaki frá 24. upp í 46. klukkustundir.

VM tekur undir þau sjónarmið að reynt verði að finna ásættanlega lausn til framtíðar á stjórn fiskveiða, en vill koma eftirfarandi athugasemdum fram um einstaka liði frumvarpsins.

Varðandi 1. gr. til 7. gr.

Engar athugasemdir eru gerðar við þessar greinar frumvarpsins umfram það sem áður hefur komið fram, en félagið áréttar að ákvæði um kjarasamninga sjómanna verði skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Varðandi 8. gr.

VM telur að skipting milli flokka 1. og 2. mjög vanhugsáða og allt of mikið sett í flokk 2. Afkastageta þeirra atvinnutækja sem eru í rekstri í dag eru ekki fullnýtt og því ekki skynsamlegt að ýta undir frekari fjárfestingu í atvinnutækjum. Verði umtalsverð aukning á veiðiheimildum á komandi árum mun það skapa mjög mörg vandamál vegna fyrirhugaðrar nýliðunnar sem ekki er séð fyrir í dag. Vandséð er hvernig þeir aðilar stæðu sem kæmu inn í greinina við þær aðstæður þegar nægt framboð væri úr potti 2, ef skyndilegur samdráttur kæmi í úthlutun aflaheimilda vegna ástands fiskistofna. VM mótmælir harðlega því að fyrirhugað er að taka svo miklar aflaheimildir af þeim sem hafa atvinnu af sjómennsku yfir á óskilgreinda aðila. Skilgreina þarf í frumvarpinu hvernig bregðast skal við samdrætti í aflaheimildum.

Varðandi 11. og 12. gr.

Nýting á aflahlutdeildum er ráðstafað til 20 ára án þess að séð er fyrir hver framtíð verður í frekari nýtingarrétti. Ekki fyrr en 2016 á að hefja vinnu við að ákvarða framtíðarfyrirkomulag um ráðstöfun nýtingarleyfa og aflahlutdeilda að liðnum þeim tíma sem ákveðin er í 1. mgr. 11. gr. Hvernig þessi breyting á að uppfylla tilgang laganna samkvæmt f. lið 1. gr. frumvarpsins, er vandséð með þeirri miklu óvissu sem þetta setur starfandi sjávarútvegsfyrirtæki í að skipuleggja uppbyggingu sína. Með því að gangast undir leyfi til að nýta aflahlutdeild viðurkennir leyfishafi að honum er veittur aðgangur að sameiginlegri og ævarandi eign þjóðarinnar. Þetta hefur verið háværa krafa samfélagsins varðandi nýtingu á auðlindum þjóðarinnar og ætti ekki að vera þeim sem vilja nýta sjávarauðlindina fyrirstaða að gangast undir.

Varðandi 13. gr.

VM ítrekar fyrri skoðun um að öll ákvæði laga eiga að vera skýr en ekki byggja á geðþóttarákvörðunum sitjandi ráðherra.

Varðandi 15. gr.

Það er skoðun VM að þeir sem fái úthlutuð aflahlutdeild eigi að nýta hana sjálfir. Hinsvegar er það eðlileg hagræðing að aðilar geti skipt á tegundum í jöfnu. Í 3. mgr. 2. töl. 15. gr. eru sett skilyrði um samninga milli útgerða og áhafna um fiskverð. Slíkir samningar hafa ekki haldið hingað til vegna vangetu Verðlagsstofu skiptaverðs, sem félagið telur að þurfi að efla stórlega. VM krefst þess að fiskverðssamningar milli útgerða og áhafna verði eitt af skilyrðum fyrir leyfi til afnota af auðlindinni. VM telur að verðmyndun á fiski eigi að myndast á frjálsum markaði.

Varðandi 16. gr.

VM telur að ekki eigi að heimila flutning aflaheimilda milli krókaflamarkskerfis og almenna kerfisins. Varðandi 17. gr.

VM telur kvótapiing mjög jákvætt skref. Það mun tryggja að öll viðskipti séu gagnsæ og á réttum markaðsverðum, verði framsalið áfram við lýði.

Varðandi 18. gr.

Sjávarauðlindin er takmörkuð auðlind. Markmiðið fram til þessa hefur verið að nýta hana á sem hagkvæmastan hátt. Nýliðun í grein sem þessari er erfið og handstýrð nýliðun mjög vandmeðfarin. En og aftur vill VM ítreka fyrri skoðun á efnahagslegar afleiðingar þess að fjölga og minnka fyrirtæki í sjávarútvegi. Enda undirstrikaði löggjafinn hver afkoma þessara minni sjávarútvegsfyrirtækja er í lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld, með því að það er ekki fyrr en eftir fyrstu 100. þorskígildistonnin sem lagt er á fullt veiðigjald.

Varðandi 19. gr.

VM telur sjávarauðlindina eign allra landsmanna. Öll rentan af greininni á því að ganga til ríkisins, sem veitir fjármunum samkvæmt fjárlögum til verkefna um allt land.

Varðandi 20. gr.

VM telur hugmyndina um strandveiðar, sem leið til að auka nýliðun, algerlega misheppnaða. Veiðiheimildir eru teknar af þeim sem hafa lífsviðurværi sitt af fiskveiðum og færðar einstaklingum sem í flestum tilfellum stunda veiðarnar í fríum frá öðrum störfum. VM lagði það til í sáttanefndinni svokölluðu að ef strandveiðar ættu að vera til framtíðar yrðu leyfin eingöngu veitt fyrrverandi sjómönnum, sem hafi haft sjómennsku að aðalstarfi í 20 ár.

Varðandi 21. gr.

VM telur að vegna breytinga í atvinnuháttum í sjávarútvegi eigi að skoða vandamál einstakra byggðarlaga af raunsæi og reyna að finna varanlegar lausnir fyrir þau. Byggðarkvótar hafa verið við líði í áratugi og ekki að sjá að þeir hafi skilað miklum árangri fyrir byggðarþróun. Finna verður nýjar og raunhæfar lausnir sem virka og eru réttlátar fyrir viðkomandi byggðarlög.

Varðandi 22. gr.

VM leggur til að línuívilnun verði lögð af, enda er hún ekkert annað en mismunun og afturför til fortíðar eins og hún er framsett.

Varðandi 27. gr.

Vegna misnotkunar á þessu ákvæði, um svokallaðan VS afla, er mjög brýnt að ákvæðið sé afmarkað á skilgreind tímabil innan ársins. VM mótmælir því eins og margoft hefur komið fram hjá samtökum sjómanna að ákvæði um að sjómenn fái eingöngu laun úr 20% þessa afla, sem landað er framhjá kvóta, sé inngrip í kjarasamning sjómanna.

Varðandi 28. gr.

VM telur að leggja þurfi mat á og viðurkenna mikilvægi ferskfiskmarkaða og taka tillit til þeirra vegna hugsanlegra breyttra markaðsforsenda, sem geta komið upp mjög skyndilega. Með hindrunum á útflutningi á ferskum fiski geta mikilvægir markaðir tapast og aðrar fisktegundir frá öðrum þjóðum tekið þessa markaði yfir.

Varðandi 31. gr.

VM gerir ekki athugasemd við þessa grein um takmarkanir á heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda sem eru upptaldar í greininni.

Hinsvegar fagnar VM því að tekið er á því að minnka samþjöppun á eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja.

Varðandi 41. og 42 gr.

Vegna forréttinda þeirra sem fá leyfi til að nýta auðlindina þarf að gera mjög harðar og ákveðnar kröfur til leyfishafa. Taka verður mjög hart á öllum brotum með háum sektum eða varanlegum leyfissviptingum, verði viðkomandi uppnís að brotum.

Áréttað verði í lögunum um viðurlög við brotum og fölsun á afurða- og fiskverði, auk þess sem tekið verði harkalega á rögum uppgjörum við sjómenn. VM áréttar nauðsyn þess að Verðlagsstofa skiptaverðs verði eflað veruleg.

Að lokum:

VM undrast það, að í allri þeirri miklu umræðu sem verið hefur um sjávarútveg undanfarinn ár, hvað Alþingi viðist vera algerlega afskipt um verðmyndun á fiski og að tryggt sé að rétt afurðarverð sjávarauðlindarinnar skili sér til landsins og til viðmiðunar á réttu skiptaverði til sjómanna.

VM áréttar að til að ná markmiðum laganna um stjórn fiskveiða þarf að efla fiskveiðieftirlit verulega.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.